

Borgarstjórn Reykjavíkur
6. febrúar 2024

Tillaga Sjálfstæðisflokks um að falla frá áformum um flugvöll við Hvassahraun

Borgarstjórn samþykkir að falla frá öllum fyrirætlunum um að færa Reykjavíkflugvöll í Hvassahraun og falla samhlíða frá frekari fjárframlögum borgarinnar til rannsókna á Hvassahrauni sem mögulegu flugvallarstæði.

Greinargerð

Síðustu ár hafa farið fram athuganir á Hvassahrauni sem mögulegu flugvallarstæði. Byggði sú athugun á því mati meðal annars að ekki væru líkur á því að gjósa myndi í nágrenni svæðisins næstu aldirnar.

Í ljósi eldsumbrota á Reykjanesskaga að undanfögnu, hafa líkur á að mögulegur flugvöllur í Hvassahrauni yrði fyrir tjóni eða truflunum vegna eldsumbrota í nánustu framtíð aukist að mati eldfjallafræðinga. Hafa jarðvísindamenn bent á að Reykjanesskaginn sé kominn inn í góstmabil sem varað geti í tvö til fjögur hundruð ár.

Miðað við ofanritaðar forsendur, og eins og fjárhag borgarinnar er háttáð, verður að teljast óábyrgt að verja skattfé borgarbúa í fyrirhugaðar athuganir á fýsileika þess að flytja Reykjavíkflugvöll í Hvassahraun. Leggja fulltrúar Sjálfstæðisflokks því til að fallið verði frá frekari fjárframlögum borgarinnar til rannsókna á svæðinu, en fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2024 gerir ráð fyrir 20 milljóna króna framlagi í ár.

Kostnaðarlækkun vegna tillögunnar getur numið allt að 20 milljónum króna af kostnaðarstað 4101 í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2024, og er lagt til að handbært fé verði hækkað um samsvarandi fjárhæð.